

Tilkynningar til embættis ríkissaksóknara um meint brot á þagnarskyldu skv. 58. gr. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki.

Fjármálaeftirlitið vísaði þann 14. ágúst 2009 5 málum vegna meintra brota Inga Freys Vilhjálmssonar, Reynis Traustasonar, Egils Helgasonar, Kristins Hrafnssonar, Þorbjörns Þórðarsonar og Agnesar Bragadóttur á þagnarskyldu skv. 2. mgr. 58. gr. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki (ffl.), vegna fréttagreina og umfjöllunar á bloggsíðum og í fjölmiðlum, til embættis ríkissaksóknara sem æðsta handhafa ákærvaldsins.

1. mgr. 58 gr. ffl. fjallar um þagnarskyldu þeirra sem starfa hjá eða taka að sér verk í þágu fjármálafyrirtækis og varðar vitneskju um viðskipta- og einkamálefni viðskiptamanna þess. Í 2. mgr. sömu greinar segir að sá sem veitir upplýsingunum viðtöku sé bundinn þagnarskyldu með sama hætti og þeir sem tilgreindir eru í 1. mgr. greinarinnar og að sá sem veitir upplýsingarnar skuli áminna viðtakanda um þagnarskylduna.

Í þeim tilfellum sem um ræðir voru birtar upplýsingar úr lánabókum tiltekinna fjármálafyrirtækja um lánveitingar til ýmissa nafngreindra aðila og í einu tilviki fundargerðir tiltekins fjármálafyrirtækis.

Fjármálaeftirlitið taldi rétt að dómstólar mætu hvort aðstæður í málum þessum væru með þeim hætti að þær réttlættu brot þar sem brotin vörðuðu bæði ríka almannahagsmuni sem og einkahagsmuni, þ.e. annars vegar tjáningarfrelsi og hlutverk fjölmiðla í lýðræðisþjóðfélagi og hins vegar friðhelgi einkalífsins og trúverðuleika fjármálakerfisins.

Þann 24. ágúst 2009 áframsendi ríkissaksóknari fyrrgreindar kærur til setts ríkissaksóknara.

Þann 9. september 2009 vísaði settur ríkissaksóknari málunum frá, annars vegar á grundvelli þess að þagnarskylda hafi þegar verið rofin er trúnaðargögnunum var komið á framfæri við þá aðila sem um ræðir og hins vegar að kærufrestur hafi verið útrunninn. Fjármálaeftirlitið hafði upphaflega bent sérstökum saksóknara á meint brot, en ekki kært þau formlega, en sérstakur saksóknari ákvað að aðhafast ekki frekar í málinu.